

13

31. marz

L Ö G

um framlenging á gildi laga nr. 73 1958, um bráðabirgðafjárgreiðslur
úr ríkissjóði á árinu 1959.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Heimild sú, sem ríkisstjórninni er veitt í lögum nr. 73 1958, um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1959, sbr. og lög nr. 2 1959, skal gilda til 1. maí 1959.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 31. marz 1959.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Guðm. Í. Guðmundsson.

14

23. marz

AUGLÝSING

um viðskiptasamkomulag Íslands og Póllands.

Á grundvelli viðskiptasamnings Íslands og Póllands frá 18. nóvember 1949 (Stj.tið. A 40/1950) var undirritað í Varsjá, 5. marz 1959, samkomulag um viðskipti Íslands og Póllands á tímabilinu 1. marz 1959 til 31. marz 1960 og er þar gert ráð fyrir svipuðum viðskiptum og á síðast liðnu ári (Stj.tið. A 41/1958). Óski hvorugur samningsaðili eftir breytingum á samkomulagi þessu áður en samnings-tímabilið er útrunnið, framlengist það sjálfkrafa óbreytt um eitt ár.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 23. marz 1959.

Guðm. Í. Guðmundsson.

Henrik Sv. Björnsson.